

Skipulagsstofnun
Sigmar Arnar Steingrímsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 4. janúar 2010

Tilvísun: UST20091200078/bs

54.55

Sjóvarnargarðar á Siglunesi ásamt efnistöku, Fjallabyggð. Tilkynning um matskyldu

Við er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 14. desember 2009 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Hér er um að ræða gerð tveggja sjóvarnargarða samtals um 80 m að lengd. Efnisþörf er áætluð 1.200-1.600 m³. Ráðgert er að tína stórgrýti úr framhlaupi nærri Siglunesvita. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er innan svæðis nr. 501 á náttúruminjaskrá. Náttúruverndargildi svæðisins er talið m.a. "Hálendur og hrikalegur skagi með djúpum dölum, stórbrotið land."


Að mati Umhverfisstofnunar mun fyrirhugað mannvirkjagerð ekki hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðis nr. 501 á náttúruminjaskrá. Umfang mannvirkja og efnisþörf eru fremur lítil.

Helstu neikvæð áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar geta að mati stofnunarinnar falist í þeirri aðferð sem ætlunin er að nota við efnistöku, þ.e. að tína nothæft grjót úr framhlaupi nærri Siglunesvita.

Efnistaka af þessu tagi getur haft umtalsvert meira rask í för með sér en ef grjót er losað með sprengingum. Hins vegar er hér um lítið magn að ræða í gróinni skriðu sem unnt ætti að vera að ganga vel frá að efnistöku lokinni. Gert er ráð fyrir í greinargerð að samráð verði haft við Umhverfisstofnun um framkvæmdina.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að gerð sjóvarnargarða á Siglunesi og efnistaka muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst,


Björn Stefánsson



Hjalti J. Guðmundsson
Sviðsstjóri